

Samstarfsverkefni um vellíðan og heilbrigða vinnustaðamenningu í leik- og grunnskólum

Dr. Sigrún Gunnarsdóttir
prófessor Félagsvísindasviði Háskóla Íslands



Markmið og áfangar samstarfsverkefnis um vellíðan og heilbrigða vinnustaðamenningu skóla

Bregðast við niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar HÍ um stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði


Greina þætti í vinnuumhverfi leik- og grunnskóla sem eru tengdir líðan starfsfólks

Rýna skipulag og vinnustaðamenningu skólanna og virkja þekkingu um verndandi sál-félagslega þætti í vinnuumhverfi skóla

Efla vellíðan og góða vinnustaðamenningu með því að virkja þekkingu, framtak starfsfólks og lærdómssamfélagið



Fimm þátttökuskólar:
Norðurlandi eystra
Suðurlandi
Reykjavík



Stýrihópur
VER, KÍ, SÍS, ráðgjafi frá HÍ


Ráðgjafahópur
sérfræðingar úr leik-og
grunnskólum og HÍ

Undirbúningur: 2023
Samstarf við skóla: 2024 – 25
Miðlun niðurstöðu 2025

Markmiðið: Styðja vellíðan og heilbrigða vinnustaðameningu skólanna

Með því að:

- Meta sál-félagslegar aðstæður og áskoranir
- Efla bjargráð og styrkleika skólanna
- Virkja þekkingu um verndandi sál-félagslega þætti í skólum



Hugmyndafræðilegur rammi samstarfsverkefnisins



Bjargráð og verndandi þættir í vinnuumhverfi og vinnustaðamenningu skóla



Virgni, áhrif, valdefling og forysta margra innan **ramma** ábyrgðarskyldunnar



Áhersla samstarfsverkefnisins er að skerpa ábyrgð og efla stuðning og á þann hátt að efla heilbrigða vinnustaðamenningu

Með samtali, ráðgjöf og að virkja lærdómssamfélagið



Ljósmynd: Vinnueftirlitið: Baldur Kristján

Áhersla er á sál-félagslegt vinnuumhverfi skóla sem skapar vinnustaðamenninguna



Byggjum á og eflum styrkleika skólanna og styrkleika starfsfólks

- Greina áskoranir, krefjandi aðstæður, krefja viðfangsefni
- Efla möguleg bjargráð innan skólanna og tengd skólunum
- Virkja þekkingu um verndandi sál-félagslega þætti í vinnuumhverfinu

Samtal

Ráðgjöf

Traust er grundvallaratriði



Sál-félagslegir þættir í vinnuumhverfinu sem vernda vellíðan starfsfólks



- Sameiginleg ábyrgð
- Sameiginleg gildi
- Skýrar væntingar
- Skýr tilgangur
- Áhrif á störf
- Vinsemd á vinnustað
- Hlustun og stuðningur
- Innri styrkur
- Auðmýkt
- Traust



Vitund
um aðra

Traust
Vinsemd
Stuðningur

Heilbrigð
vinnustaðamenning

Innri styrkur
Auðmýkt
Öryggi

Sjálfs-
vitund

Skýr rammi
Sameiginleg gildi
Skýr ábyrgðarskylda

Vitund
um tilgang

Heilbrigð og
valdeflandi
vinnustaðamenning

Valdeflandi
vinnumhverfi

Styðjandi
samskipti

Starfsfólk blómstrar
með stuðningi og
skýrum ramma

Stuðningur og
eftirfylgni

Frelsi innan ramma til
að nýta og þróa eigin
styrkleika

Nemendur blómstra
með stuðningi og
skýrum ramma

Alúð, umhyggja,
eftirfylgni og agi

Frelsi innan ramma til
að nýta og þróa eigin
styrkleika

Uppbyggingar-
stefna

Uppeldi til ábyrgðar

Uppbygging
sjálfsaga



Ítarefni

The video player shows a presentation slide with the following content:

- HEILSUEFLANDI FORYSTA OG VELLÍÐAN Í STARFI**
- Dr. Sigrún Gunnarsdóttir prófessor í Viðskiptafræðideild HÍ og formaður Þekkingarseturs um þjónandi forystu.
- Morgunfundur um heilsueflandi vinnustaði**
- HEILSUEFLANDI vinnustaður** (with logo of four stylized figures)
- Miðvikudaginn 16. mars**
- kl. 8.30-10 í streymi á vefsíðum VIRK, Embættis landlæknis og Vinnueftirlitsins.
- Logos for VIRK, Embætti landlæknis, and Vinnueftirlitið.

The video player interface includes a play button, a progress bar at 9:20 / 1:26:36, and a channel name 'Vinnueftirlitið' with 95 subscribers and a 'Subscribe' button.

https://www.youtube.com/watch?v=YrIL5I_Kano

SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR

Heilsueflandi forysta, heilbrigt starfsumhverfi og vellíðan í starfi

Staða þekkingar

1 Inngangur

Viðbendingar eru um að vanlíðan í starfi sé vaxandi vandi og rannsóknir sýna að orsakir þess séu einkum aukið álag, skortur á stuðningi í starfi og litil áhrif á eigin störf (International Labour Organization, 2016; Hjördís Sigurgeirsdóttir, 2016; Jana Katrín Knútsdóttir o.fl., 2019). Á hinn bóginn sýna rannsóknir að styðjandi og uppbyggilegar áherslur samstarfsfólks og leiðtoga geti haft góð áhrif á líðan starfsmanna og er þar einkum um að ræða góð samskipti og tækifæri til að hafa áhrif á eigið starf (Turgut o.fl., 2020).

Þróun þekkingar undirstrikar gildi þess að skipulag, samskipti og forysta taki mið af heilsueflandi þáttum í starfsumhverfinu (van der Put og van der Lippe, 2020) sem og þörfum starfsmanna um stuðning og áhrif í starfi, skýra ábyrgðarskyldu, viðurkenningu og tækifæri til að vaxa í starfi (de Sousa og van Dierendonck, 2010). Þekking á vellíðan starfsmanna og skilyrðum hennar hefur leitt í ljós hvaða áherslur eru árangursríkar til að efla vellíðan í starfi og þar eru sálfélaglegir þættir efstir á blaði (Taouk, Spittal, Montage, LaMontagne og Milner, 2020) um leið og forystan leggur áherslu á tilgang starfa og styður starfsfólk í því að blómstra og að ná árangri fyrir heildina (Kaluza o.fl., 2020). Lítið er á heilsueflingu á vinnustað sem sameiginlegt verkefni starfsmanna og leiðtoga og snýst hún um að starfsmenn njóti starfa sinna með virkri þátttöku í að móta skipulag og áherslur sem tryggja og efla vellíðan (Embætti landlæknis, e.d.).

Vanlíðan starfsmanna hefur margvisleg áhrif, bæði á einstaklinginn sjálfan sem og á vinnustaðinn og samfélagið, til dæmis vegna beinnar tengingar hennar við veikindafjarvistir (Amiri og Behnezhad,

- 167 -

<https://markor.is/wp-content/uploads/2023/11/R-VID-II.pdf>

bls. 167-184

Samstarfsverkefni um vellíðan og heilbrigða vinnustaðamenningu í leik- og grunnskólum

Dr. Sigrún Gunnarsdóttir
prófessor Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

